



### T-600 Starfsnám BSc verkfræði

<b>Ár:</b>	3. ár.
<b>Önn:</b>	Vorönn.
<b>Stig námskeiðs:</b>	Grunnnám, sérhæft námskeið.
<b>Tegund námskeiðs:</b>	Valnámskeið.
<b>Undanfarar:</b>	Starfsnámið er eingöngu ætlað nemendum á síðasta námsári í BSc. verkfræði. Ekki opið skiptinimum.
<b>Skipulag:</b>	Kennt í 10 - 12 vikur skv. vinnuáætlun sem nemandi gerir í samráði við leiðbeinanda/umsjónarmann hjá fyrirtæki og umsjónarkennari þarf að samþykka.
<b>Umsjónarkennari:</b>	Sigurður Ingi Erlingsson
<b>Kennari:</b>	Námsbrautarstjórar í verkfræðideild og leiðbeinendur hjá fyrirtækjum/stofnunum. Umsjónarmaður starfsnáms á skrifstofu deildar er Eva Sigrún Guðjónsdóttir <a href="mailto:evasigrun@ru.is">evasigrun@ru.is</a>

#### Lærdómsviðmið:

Meginmarkmið með starfsnámi eru:

- að auka innsýn og skilning nemenda á viðfangsefnum þess fagsviðs sem þau vilja starfa við í framtíðinni.
- að nemendur hljóti reynslu af því að vinna að úrlausn raunhæfra viðfangsefna á vettvangi, undir leiðsögn leiðbeinenda úr atvinnulífinu.
- að undirbúa nemendur undir starf eftir námslok.
- að opna nemendum leið inn á vinnumarkað.
- að efla tengsl nemenda verkfræðideildar HR við atvinnulífið.

**Lýsing:** Valnámskeið á lokaári í BSc verkfræði. Þátttakendur eru valdir úr hópi umsækjenda, m.a. er tekið tillit til námsframvindu og einkunna. Nemandi vinnur undir eftirliti kennara frá HR og umsjónarmanns hjá fyrirtæki/stofnun. Starfsnámið felur í sér að lágmarki 120 vinnustundir í fyrirtæki/stofnun sem hægt er að dreifa á 10-12 vikur, því til viðbótar kemur undirbúningsvinna, gerð lokaskýrslu og kynning á verkefni. Vinnutíma ber að haga þannig að hann skarist ekki við kennslustundir í öðrum námskeiðum. Nemandi sem stundar starfsnám getur í mesta lagi verið skráður í 30 ECTS á viðkomandi önn.

**Lesefni:** Afhent af leiðbeinanda/umsjónarmanni hjá fyrirtæki/stofnun við upphaf starfsnáms.

**Kennsluaðferðir:** Nemandi vinnur að lágmarki 120 vinnustundir í fyrirtæki/stofnun undir eftirliti kennara frá HR, með leiðsögn umsjónarmanns hjá fyrirtæki. Auk þess tekur nemandi þátt í undirbúningsnámskeiði og undirbúningsfundum, vinnur lokaskýrslu og kynningu hana.

**Námsmat:** Mat á frammistöðu nemanda á vinnustaðnum, ásamt mati á lokaskýrslu og kynningu. Lokaeinkunn er Staðið/Fall.

**Tungumál:** Íslenska/Enska.